

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Geðrofslyf

ATC flokkur: N05A

Dagsetning: 1. feb. 2022

Almenn greiðsluþáttaka:

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga skammtaðra lyfjaforma í ATC flokknum N05A og eru þær G -merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf ekki að sækja um lyfjaskírteini.

Ef hagkvæmustu lyfin reynast ófullnægjandi eða eru ekki valkostur getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum. Í umsókn þarf að rökstyðja hvers vegna hagkvæmustu geðrofslyfjunum sé ekki ávísað.

***Full greiðsluþáttaka sjúkratrygginga:** Einstaklingar með eftirfarandi sjúkdóma fá lyf í ATC flokki N05A að fullu greidd af sjúkratryggingum. Læknir þarf að sækja um lyfjaskírteini og er nóg að skrá sjúkdómsgreininguna í umsókn.

F20–F29	Geðklofi, geðklofagerðar- og hugvilluraskanir
F30	Geðhæðarlota
F31	Tvíhverfar lyndisraskanir
F32.3	Alvarleg geðlægðarlota með geðrofseinkennum
F33.3	Endurtekin geðlægðarröskun, yfirstandandi lota alvarleg með geðrofseinkennum

Lyfjaskírteini er gefið út á ATC flokk – N05A. Lyf í þessum flokki eru að fullu greidd af sjúkratryggingum og falla þau því fyrir utan „þrepakerfið“.

Gildistími:

5 ár